

RÍKISENDURSKOÐUN

# Skógræktin

Endurskoðun 2021



Endurskoðunarskýrsla

Mars 2023

# Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Skógræktarinnar fyrir árið 2021.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Skógræktarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.




Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

# Efnisyfirlit


Inngangur.....	2
Efnisyfirlit.....	3
Lykiltölur úr rekstri.....	5
1 Ábendingar og athugasemdir.....	6
2 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum.....	7
3 Áhættumat og mikilvægi.....	8
4 Fjárveiting og rekstur.....	9
4.1 Fjárveitingar.....	9
4.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar.....	9
4.1.2 Fjárveiting – heimild til fjárfestingar.....	9
4.2 Rekstraráætlun.....	9
4.3 Niðurstöður/ábendingar.....	10
5 Innra eftirlit.....	11
5.1 Inngangur.....	11
5.2 Umfjöllun.....	11
5.3 Niðurstöður/ábendingar.....	12
6 Fylgni við lög og reglur.....	13
6.1 Inngangur.....	13
6.1.1 Ferðakostnaður.....	13
6.1.2 Risna.....	13
6.1.3 Opinber innkaup.....	13
6.1.4 Innkaupakort.....	13
6.1.5 Virðisaukaskattur.....	13
6.2 Niðurstöður/ábendingar.....	13
7 Endurskoðun rekstrarliða.....	14
7.1 Rekstrartekjur.....	14
7.2 Rekstrargjöld.....	15
7.2.1 Laun og launatengd gjöld.....	15
7.2.2 Ferðir og fundir.....	15
7.2.3 Rekstrarvörur.....	15

7.2.4	Aðkeypt þjónusta.....	16
7.2.5	Húsnæði.....	16
7.2.6	Bifreiðar og vélar.....	16
7.2.7	Rekstrarkostnaður.....	16
7.3	Niðurstöður/ábendingar.....	16
<b>8</b>	<b>Endurskoðun efnahagsliða .....</b>	<b>18</b>
8.1	Eignir.....	19
8.1.1	Fastafjármunir .....	19
8.1.2	Veltufjármunir .....	19
8.2	Eigið fé og skuldir.....	20
8.2.1	Höfuðstóll.....	20
8.2.2	Skuldir.....	20
8.3	Niðurstöður/ábendingar.....	21
<b>9</b>	<b>Önnur atriði .....</b>	<b>22</b>
9.1	Óhæðisyfirlýsing.....	22
9.2	Samþykki ársreiknings.....	22

# Lykiltölur úr rekstri



### Eigið fé í lok árs í m.kr.



# 1 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum og athugasemdum en smávægilegum ábendingum var komið beint á framfæri við stjórnendur þegar endurskoðunarvinna fór fram.

1

## **Innra eftirlit**

Lagt er til að skráðar verði verklagsreglur um launavinnslu, tekjuskráningu, afstemmingar viðskiptamanna, bókhald og aðrar fjárreiður. Nauðsynlegt er að ábyrgðarsvið og heimildir séu skráðar m.t.t. aðgreiningar starfa.

2

## **Viðskiptakröfur og uppgjör við skógarbændur**

Gerð er athugasemd við verklag vegna uppgjors við skógarbændur í fjárhagsbókhaldi stofnunarinnar. Leiðréttta þarf stöðu í AR með tilliti til uppgjors sem fært er í GL. Jafnframt þarf að breyta verklagi og finna lausn á því hvernig sölureikningar og uppgjör við skógarbændur eru færð í bókhaldi stofnunarinnar þannig að ekki myndist mismunur milli GL og AR.

3

## **Óuppgerðar stöður á gervikennitölu**

Gerð er athugasemd við óuppgerðar stöður í viðskiptamannabókhaldi stofnunarinnar, bæði kröfur og skuldir, sem færðar eru á gervikennitölum í fjárhagsbókhaldi stofnunarinnar. Um er að ræða stöður sem urðu til fyrir árið 2021 og færðar voru í eldra bókhaldskerfi Skógræktarinnar. Brýnt er að farið verði sem fyrst í þá vinnu að gera þessar kröfur og skuldir upp í bókhaldi Skógræktarinnar.

4

## **Viðskiptaskuldir og mismunur í AP**

Gerð er athugasemd við að mismunur er á milli stöðu viðskiptamanna-skulda í AP og GL. Gera þarf viðeigandi leiðréttingar milli kerfishluta.

## 2 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

Eftirfarandi eru viðbrögð Skógræktarinnar við ábendingar sem gerðar voru vegna endurskoðunar 2021:

### 1. Innra eftirlit

Ábyrgðarsvið og heimildir eru skýr hjá Skógræktinni þannig að: launafulltrúi sér um skráningu launa í launakerfi sem sviðsstjórar þurfa svo að samþykka í Vinnustund, aðskilnaður er á milli heimilda til innkaupa og samþykktar reikninga í Orra og gjaldfærslu í bókhald stofnunarinnar þá er stofnunin með samning við Fjársýslu ríkisins um greiðsluþjónustu en fjármálastjóri og mannauðsstjóri hafa aðgang að bankareikningi og geta gert millifærslur í undantekningar tilfellum. Skráning og birting á verklagsreglum varðandi ofangreint er til skoðunar hjá stofnuninni.

### 2. Viðskiptakröfur og uppgjör við skógarbændur

Unnið var að betri lausn á uppgjörum við skógarbændur með starfsfólki Fjársýslu ríkisins. Lausnin sem var valin felur í sér að stofnaður var „sýndar“ bankareikningur í Orra sem notaður er til að greiða reikninga með mótbókun á tegund 1216 og kennitölu Skógræktarinnar 590269-3449. Staðan er síðan flutt á kennitölu viðkomandi bónda á móti stöðu sem myndast við innlestur á uppgjöri til hans og þar með á viðskiptareikningur bóndans að vera kominn á núll.

### 3. Óuppgerðar stöður á gervikennitölu

Umræddar stöður eru færslur sem Fjársýsla ríkisins færði við sameiningu Skógræktar ríkisins og Landshlutaverkefna í skógrækt árið 2016. Stöðurnar stóðu því enn þá í Orra þegar Skógræktin flutti bókhald sitt úr Agresso í Orra árið 2021. Unnið er að því að núlla þessar stöður út fyrir 2022 í samráði við Fjársýslu ríkisins. Það er búið að hreinsa út stöður á gervikennitölu sem færðar voru á tegund 1210 kennitölu 991424-1212. Eftir standa krónur 1.464.233 sem taka þarf ákvörðun um að afskrifa.

### 4. Viðskiptaskuldir og mismunur í AP

Umræddur mismunur er til kominn árið 2022 vegna yfirfærslu á Skógræktinni frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu fjárlaganúmer 14-241 yfir í matvælaráðuneytið fjárlaganúmer 04-321. Stöður voru færðar inn af Fjársýslu ríkisins í fjárhagsbókhald (GL), færslurnar eru gamlar stöður á tegund 2275 frá Landshlutaverkefnum í skógrækt heildarfjárhæð krónur 10.489.814. Unnið er að lausn í samráði við Fjársýslu ríkisins.

### 3 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarpættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi Skógræktarinnar eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá stofnuninni sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af rekstrargjöldum ársins, eða 34,3 m.kr. Með mikilvægismörkum er átt við hámark þeirrar fjármunalegu skekkju sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan lesanda reikningsskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemdir og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.



## 4 Fjárveiting og rekstur

### 4.1 Fjárveitingar

#### 4.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting ársins 2021 til Skógræktarinnar vegna rekstrar nam 1.455,9 m.kr. eins og kemur fram í fylgiriti með fjárlögum 2021. Gert var ráð fyrir 327,7 m. kr. rekstrartekjum og 1.128,2 m.kr. beinu framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar voru millifærðar 3,7 m.kr. af almennum varasjóði vegna launaendurmats og tekjufærsla frestaðra tekna vegna afskrifta nam 17,6 m.kr. Endanlegt framlag úr ríkissjóði fyrir árið 2021 vegna Skógræktarinnar nam því 1.149,5 m.kr.

Gjöld að frádregnum rekstrartekjum námu samtals 1.102,3 m.kr. og voru því 47,2 m.kr. innan fjárheimilda en bæði rekstrartekjur og önnur rekstrargjöld voru töluvert hærri en fjárveiting gerði ráð fyrir en launagjöld voru nokkuð lægri. Gjöld að frádregnum rekstrartekjum hækkuðu um 70,3 m.kr. milli ára en bæði önnur rekstrargjöld og rekstrartilfærslur hækkuðu milli ára. Hækkun rekstrartekna milla ára kemur að töluverði leyti á móti hækkun rekstrargjalda.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2021 og rekstri 2020:

**Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2021**

Í þús. kr.	Fjárveiting 2021	Rekstur 2021	Frávik 2021	Rekstur 2020
Rekstrartekjur	-329.500	-610.930	281.430	-390.734
Launagjöld	730.600	682.868	47.732	684.054
Önnur rekstrargjöld	338.100	627.391	-289.291	425.710
Afskriftir	17.575	17.575	0	17.995
Rekstrartilfærslur	392.700	385.421	7.279	295.025
<b>Samtals</b>	<b>1.149.475</b>	<b>1.102.324</b>	<b>47.151</b>	<b>1.032.050</b>

#### 4.1.2 Fjárveiting – heimild til fjárfestingar

Skógræktin fékk 28,4 m.kr. fjárveitingu til fjárfestingar eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum en þar af voru 6,5 m.kr. vegna fasteigna. Staða fjárveitingar til fjárfestingar var 15,0 m.kr. umfram heimild í upphafi árs 2021. Á árinu var fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum 78,6 m.kr en þar af var 61,8 m.kr. færðar á verk í vinnslu. Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna nam 0,4 m.kr. og var staða fjárveitingar til fjárfestingar því 64,8 m.kr. umfram heimild í lok árs 2021.

### 4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Gerð var rekstraráætlun fyrir árið 2021 og var hún færð inn í Orra. Rekstraráætlun gerði ráð fyrir rekstrarhalla að fjárhæð 1 m.kr.

### **4.3 Niðurstöður/ábendingar**

Á árinu 2021 var afkoma Skógræktarinnar jákvæð um 47,2 m.kr. Staða fjárfestingarframlags í lok árs var 64,8 m.kr. umfram heimildir. Rekstraráætlun er skráð í Orra.

## 5 Innra eftirlit

### 5.1 Inngangur

Skógræktarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá Skógræktinni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 5.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirliti stofnunar voru fengnar upplýsingar um skipulag og verkferla og reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi. Skipurit er til fyrir stofnunina. Skógræktin er með eigið bókhald en er í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Ekki eru skráðar verklagsreglur um launvinnslu og ýmis mannauðsmál en skipulegu verklagi er fylgt og viðvera starfsmanna er skráð í Vinnustund. Skógræktin stefnir að jafnlaunavottun og vinnur eftir verklagsreglum jafnlaunahandbókar. Launafulltrúi sér um launavinnslu og samþykkir launakeyrslu mánaðar og sendir til Fjársýslu ríkisins. Afstemmingar eru gerðar reglulega milli banka og bókhalds.

Rekstrartekjur Skógræktarinnar eru umtalsverðar og er um að ræða m.a. samningsbundnar tekjur, framlög frá innlendum og erlendum aðilum, tekjur af afurðasölu, tjaldstæðum og ráðgjöf. Fylgt er skipulögðu ferli við skráningu og innheimtu tekna sem fara fram á aðalskrifstofu stofnunar í viðskiptakröfuhluta Orra (AR) samkvæmt afhendingarseðlum, samningum eða öðrum staðfestingargögnum en engir skráðir verkferlar eru hjá stofnuninni vegna verklags með tekjur.

Við endurskoðun kom í ljós að stöður í viðskiptamannabókhaldi eru ekki stemmdar af með reglubundnum hætti og er nauðsynlegt að stofnunin bæti verklag vegna afstemminga. Nánar er fjallað um afstemmingu viðskiptamannabókhalds í kafla 8 Endurskoðun efnahagsliða.

Ekki eru skráðir verkferlar um bókhald og aðrar fjárreiður en skiplögðu verkferli fylgt og aðgreining starfa milli bókhalds og greiðslu. Ríkisendurskoðun bendir á m.t.t. aðgreiningar starfa að skrá þarf niður ábyrgðarsvið, verkferla bókhalds og fjárreiða. Flestir reikningar vegna rekstrargjalda eru samþykktir rafrænt af ábyrgðaraðila og fjármálastjóra. Reglulega er farið yfir rekstraráætlanir og rauntölur og brugðist við eftir atvikum. Við endurskoðun voru aðgangsheimildir starfsmanna embættisins í Orra skoðaðar án athugasemda.

### 5.3 Niðurstöður/ábendingar

Ríkisendurskoðun gerir eftirfarandi ábendingar og athugasemdir

Lagt er til að skráðar verði verklagsreglur um launavinnslu, tekjuskráningu, afstemmingar viðskiptamanna, bókhald og aðrar fjárreiður. Nauðsynlegt er að ábyrgðarsvið og heimildir séu skráðar m.t.t. aðgreiningar starfa.

## 6 Fylgni við lög og reglur

### 6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur Skógræktarinnar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 4.

#### 6.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu, bókun og samþykkt vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt.

#### 6.1.2 Risna

Reikningar vegna risnu voru skoðaðir báru með sér réttmæti bókunar.

#### 6.1.3 Opinber innkaup

Stofnunin hefur sett sér umhverfisstefnu um innkaup og fylgir lögum um opinber innkaup. Stofnunin nýtir sér þjónustu Ríkiskaupa og rammamarkaðs þar sem það á við.

#### 6.1.4 Innkaupakort

Stofnunin er með 17 innkaupakort þar af eru 11 innkaupakort hjá starfsmönnum sem þurfa að ferðast innanlands og stofna til útgjalda vegna starfa sinna og 6 innkaupakort sem notuð eru til greiðslu flugfargjalda, veggjalda og fyrir vörur sem pantaðar eru erlendis frá. Einnig eru þessi kort nýtt vegna ferða erlendis á ráðstefnur og fundi.

#### 6.1.5 Virðisaukaskattur

Bókun og merking reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Afstemming á viðskiptareikningi vegna endurgreidds virðisaukaskatts af sérfræðiþjónustu og vegna virðisaukaskattsskyldrar starfsemi liggur ekki fyrir. Mismunur er á stöðu í bókhaldi og uppgjöri vegna skila í nóvember-december 2021 sem greitt var í lok febrúar 2022.

### 6.2 Niðurstöður/ábendingar

Eftirfarandi ábendingar eru gerðar vegna laga og reglugerðar um Skógræktina:

Nauðsynlegt er að stemma viðskiptareikning vegna endurgreidds virðisaukaskatts af sérfræðiþjónustu og vegna virðisaukaskattskyldrar starfsemi.

Fara þarf yfir hvort fækka megi innkaupakortum hjá stofnuninni.

## 7 Endurskoðun rekstrarliða

Tafla 2 Rekstraryfirlit 2021

Í þús. kr.	2021	2020	Breyting
<b>Tekjur</b>			
Rekstrartekjur	-610.544	-390.606	-219.938
<b>Alls tekjur</b>	<b>-610.544</b>	<b>-390.606</b>	<b>-219.938</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launagjöld	682.508	682.662	-154
Ferðir og fundir	37.462	36.294	1.169
Rekstrarvörur	282.213	114.422	167.790
Aðkeypt þjónusta	82.780	77.709	5.070
Húsnæði	196.149	156.519	39.630
Bifreiðar og vélar	27.498	28.047	-549
Rekstrarkostnaður	404.257	327.002	77.255
<b>Alls gjöld</b>	<b>1.712.867</b>	<b>1.422.656</b>	<b>290.212</b>
Framlag ríkissjóðs	-1.149.475	-1.023.495	-125.979
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>-47.151</b>	<b>8.555</b>	<b>-55.705</b>

Samkvæmt yfirliti um afkomu ársins námu tekjur Skógræktarinnar að frátöldu framlagi ríkissjóðs 610,5 m.kr. og gjöld námu 1.712,9 m.kr., sjá sundurliðun í töflu 2.

### 7.1 Rekstrartekjur

Rekstrartekjur Skógræktarinnar á árinu 2021 námu 610,5 m.kr. samanborið við 390,6 m.kr. árið 2020 sem er aukning um 219,9 m.kr. á milli ára. Helstu rekstrartekjur eru vegna afurðasölu stofnunar, flutninga á plöntum, leigu á tjaldsvæðum, gjöld vegna veiðiréttinda, verkefna fyrir aðrar stofnanir og framlög frá opinberum aðilum og innlendum og erlendum einkaaðilum.

Aukning vegna afurðasölu nam 139,3 m.kr. og tekjur vegna erlendra verkefna jukust um 106,6 m.kr. á milli ára.

Samningur er í gildi milli Skógaræktarinnar og starfsmanns hennar um rekstur tjaldsvæðis í Sandártungu í Þjórsárdal. Leigugjöld til Skógræktarinnar er hlutfall af tjaldsvæðagjaldi. Við endurskoðun voru uppgjörsgögn vegna lóðaleigu skoðuð og voru fylgigögn vegna tjaldleigu ekki nægilega ítarleg.

Endurskoðun rekstrartekna fór fram með greiningum, fyrirspurnum, úrtaksskoðunum og skoðun samninga er án athugasemda. Bent er á að við uppgjör við verktaka reksturs tjaldsvæðis er nauðsynlegt að kalla eftir ítarlegri gögnum með uppgjöri m.a. vegna innheimtu á tjaldsvæði.

## **7.2 Rekstrargjöld**

### **7.2.1 Laun og launatengd gjöld**

Laun og launatengd gjöld námu 682,5 m.kr. á árinu 2021 og var það 0,2 m.kr. lækkun frá fyrra ári. Ársverk árið 2020 voru 67,94 en 64,93 árið 2021 sem er fækkun um 4,4% milli ára. Hækkun launakostnaðar á milli ára að teknu tilliti til fækkunar ársverka nam því 4,4%. Við endurskoðun bárust Ríkisendurskoðun ekki gögn sem staðfestu launaflokk útborgaðra launa samkvæmt úrtaki, þ.e. útborguðum launum samkvæmt launaseðli bar ekki saman við ráðningarsamninga og gögn lágu ekki fyrir til staðfestingar útborgunar launaflokks. Í tveimur tilfellum barst ekki ráðningarsamningur og í þremur tilfellum var ekki staðfesting til greiðslu fastrar yfir vinnu.

Endurskoðun launa fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum og fyrirspurnum og bendir Ríkisendurskoðun stofnun á að bæta skjölun ráðningarsamninga, skrásetningu launabreytinga starfsmanna og greiðslu fastrar yfirvinnu.

### **7.2.2 Ferðir og fundir**

Ferða- og fundakostnaður nam 37,5 m.kr. árið 2021 og hækkaði um 1,2 m.kr. frá fyrra ári. Helstu kostnaðarliðir eru vegna dagpeninga, dvalarkostnaðar og bílaleigu- og starfsmannabifreiða. Endurskoðun fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum og fyrirspurnum og er án athugasemda.

### **7.2.3 Rekstrarvörur**

Kostnaður vegna rekstrarvara nam 282,2 m.kr. árið 2021 en var 114,4 árið 2020 sem er aukning um 167,8 m.kr. á milli ára.

Ástæða hækkunar á milli ára er „Kostnaður vegna vara til landbúnaðar“ sem er að mestu vegna plöntukaupa fyrir skógarbændur og nam 248,0 m.kr. árið 2021 en var 81,1 m.kr. árið 2020 og hækkaði því um 167,0 m.kr. á milli ára sem skýrist að mestu vegna aukinna plöntukaupa Aðrir helstu kostnaðarliðir eru vegna áhalda, matvöru og vinnufatnaðar.

Endurskoðun rekstrarvara fór fram með greiningum, fyrirspurnum, skoðun samninga og úrtaksskoðunum og er án athugasemda.

#### 7.2.4 Aðkeypt þjónusta

Kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu nam 82,8 m.kr. árið 2021 en var 77,7 m.kr. árið áður og hækkaði því um 5,1 m.kr. á milli ára. Helstu kostnaðarliðir eru vegna hugbúnaðarleyfa, reksturs tölvukerfa og vöruflutninga.

Endurskoðun fór fram með greiningum, fyrirspurnum og úrtaksskoðunum og er án athugasemda.

#### 7.2.5 Húsnæði

Kostnaður færður undir húsnæðislið í rekstrarreikningi nam 196,1 m.kr. árið 2021 en var 156,5 m.kr. árið 2020 sem er hækking um 39,6 m.kr. á milli ára. Á þennan lið er færður hefðbundinn kostnaður vegna húsnæðis svo sem húsaleiga, ræsting, sorphirða, rafmagn og heitt vatn. Önnur verkkaup eru einnig færð á þennan lið og námu þau 128,2 m.kr. á árinu 2021. Við skoðun á úrtaki fylgiskjala voru helstu kostnaðarliðir vegna gróðursetningar, kurlunar, skógarhöggs og annarrar vinnu tengdri umhirðu skóga. Einnig var kostnaður vegna trjádúks 5,3 m.kr færður á tegund fyrir teppi og dúka. Ríkisendurskoðun bendir á að bókun framangreinds kostnaðar á betur heima undir öðrum rekstrarlið en húsnæðiskostnaði.

Endurskoðun húsnæðiskostnaðar fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum og fyrirspurnum og er án athugasemda en Ríkisendurskoðun bendir stofnun á að færa kostnað vegna reksturs á til þess bæra liði.

#### 7.2.6 Bifreiðar og vélar

Rekstrarkostnaður bifreiða og véla nam 27,5 m.kr. árið 2021 en var 28,0 m.kr. árið áður. Helstu kostnaðarliðir eru verkstæðis- og eldsneytiskostnaður. Endurskoðun fór fram með greiningum og úrtaksskoðunum og er án athugasemda.

#### 7.2.7 Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður nam 404,3 m.kr. árið 2021 en var 327,0 m.kr. árið 2020 og hækkaði því um 77,3 m.kr. á milli ára. Vextir og opinber gjöld námu 1,3 m.kr., afskriftir námu 17,6 m.kr. og tilfærslur voru 385,4 m.kr.

Undir tilfærslur falla umsamin framlög til skógarbænda vegna kostnaðar við skógrækt á lögbýlum. Helstu kostnaðarliðir eru áburðarframlag, girðingar, grisjun, jarðvinnsla, plöntur og gróðursetningar.

Endurskoðun fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum og fyrirspurnum og er án athugasemda.

### 7.3 Niðurstöður/ábendingar

Eftirfarandi ábendingar komu fram við skoðun rekstrarliða:

Nauðsynlegt er að kalla eftir ítarlegri fylgigögnum við uppgjör reksturs á tjaldsvæði við Sandártungu.



Bæta þarf skjölun ráðningasamninga, skrásetningu launabreytinga starfsmanna og greiðslu fastrar yfir vinnu.

## 8 Endurskoðun efnahagsliða

Tafla 3 Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Í þús. kr.	31.12 2021	31.12 2020	Breyting
<b>Eignir</b>			
<i>Fastafjármunir</i>			
Áhöld, tæki og búnaður	29.666	20.059	9.607
Farartæki og vélar	28.291	37.530	-9.239
Fasteignir	32.253	32.253	0
Aðrar eignir	7.539	8.723	-1.184
Verk í vinnslu, fasteignir	83.726	21.917	61.809
<i>Fastafjármunir samtals</i>	181.474	120.481	60.994
<i>Veltufjármunir</i>			
Viðskiptakröfur	135.087	49.855	85.232
Tengdir aðilar	65.326	35.714	29.612
Aðrar kröfur og fyrirfram greiddur kostnaður	21.166	7.902	13.264
Handbært fé	9.640	3.085	6.555
<i>Veltufjármunir samtals</i>	231.218	96.556	134.662
<b>Eignir alls</b>	<b>412.693</b>	<b>217.037</b>	<b>195.656</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
Höfuðstóll	29.591	-17.560	47.151
Tengdir aðilar	75.345	5.155	70.191
Viðskiptaskuldir	97.875	32.638	65.237
Ýmsar skammtímaskuldir	93.255	91.376	1.879
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimildar	116.626	105.428	11.198
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>412.693</b>	<b>217.037</b>	<b>195.656</b>

Í árslok 2021 námu eignir 412,7 m.kr., eigið fé nam 29,6 m.kr. og skuldir námu 383,1 m.kr.

Vakin er athygli á því að í upphafi árs 2021 færðist bókhald Skógræktarinnar yfir í bókhaldskerfi ríkisins (Orra). Fyrir þann tíma notaðist stofnunin við bókhaldskerfið Agresso og færðust stöðutölur mánaðarlega yfir í Orra m.a. á gervikennitölum. Enn er töluvert óuppgert af þeim 18 Skógræktin – endurskoðunarskýrsla 2021

stöðum. Flokkun viðskiptakrafna og viðskiptaskulda í ársreikningi fyrir árið 2021 er almennt miðuð við hvort staða er jákvæð eða neikvæð í bókhaldi en töluvert var um jákvæðar stöður á skuldalyklum og neikvæðar stöður á kröfulyklum í bókhaldi stofnunarinnar í árslok 2021.

## **8.1 Eignir**

### **8.1.1 Fastafjármunir**

Fastafjármunir námu 181,5 m.kr. í árslok 2021 samanborið við 120,5 m.kr. árið 2020 sem er aukning um 61,0 m.kr. Helstu eignir samanstanda af áhöldum, tækjum, vélum og ýmsum búnaði. Helstu fasteignir eru aðalskrifstofa Skógræktarinnar á Egilsstöðum og rannsóknarmiðstöð Skógræktarinnar að Mógilsá. Kostnaður vegna verka í vinnslu jókst um 61,8 m.kr. frá fyrra ári, um er að ræða ýmis verk á starfsstöðvum Skógræktarinnar svo sem byggingu bálhúss, endurbætur á starfsstöðvum og uppbyggingu á aðstöðu til ræktunar.

### **8.1.2 Veltufjármunir**

Viðskiptakröfur námu 135,1 m.kr. í árslok 2021. Staða viðskiptakrafna í AR hluta Orra nam 225 m.kr. og staða í fjárhag (GL) nam 35 m.kr. Mismunur skýrist að stórum hluta af því að uppgjör við skógarbændur er fært í GL en ekki AR þrátt fyrir að sölureikningur séu gerðir á þá í AR. Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við þetta verklag og bendir stofnun á að leiðrétta þarf stöðu í AR með tilliti til uppgjors við skógarbændur sem fært hefur verið í GL. Jafnframt þarf að breyta verklagi og finna lausn á því hvernig sölureikningar og uppgjör við skógarbændur eru færð í bókhaldi stofnunarinnar þannig að ekki myndist mismunur milli GL og AR hluta Orra.

Kröfur vegna tengdra aðila námu 65,3 m.kr. en þar af eru 55,0 m.kr. á á gervikennitölu stofnunarinnar en um er að ræða eldri kröfur. Þessar kröfur eru enn óuppgerðar og bendir Ríkisendurskoðun á að nauðsynlegt er að gera upp þessar stöður sem fyrst.

Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður nam 21,2 m.kr. Þar af eru kröfur vegna virðisaukaskatts 16,8 m.kr. og aðrar kröfur 4,3 m.kr. Stemma þarf viðskiptareikninga vegna virðisaukaskatts eins og um er rætt í kafla 6.

Handbært fé nam 9,6 m.kr. í árslok 2021 en var 3,1 m.kr. í árslok 2020. Samkvæmt stöðu í bókhaldi samanstendur handbært fé af innistæðum á tveimur bankareikningum að fjárhæð 8,9 m.kr. og 0,7 m.kr.

Ríkisendurskoðun sendi beiðni til fjögurra bankastofnana um staðfest yfirlit um viðskipti við stofnunina og bærust svör við því. Samkvæmt bankayfirliti var innistæða 9,6 m.kr. á einum bankareikningi og auk þess kr. 24.943 á einum bankareikningi sem ekki kom fram í bókhaldi stofnunarinnar.

Ríkisendurskoðun bendir á að leiðrétta þarf skráningu bankareiknings á tegundalyklum í bókhaldi í samræmi við stöðu í banka en bankareikningurinn er skráður á tveimur tegundalyklum í Orra. Auk þess þarf að skrá í bókhald stofnunar bankareikning sem ekki er skráður þar.

## 8.2 Eigið fé og skuldir

### 8.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll Skógræktarinnar var jákvæður um 29,6 m.kr. í árslok 2021 en var neikvæður um 17,6 m.kr. í árslok 2020. Breyting á höfuðstól nemur 47,2 m.kr. eða sem nemur tekjuafgangi ársins 2021.

### 8.2.2 Skuldir

Staða við tengda aðila nam 75,3 m.kr. í árslok 2021. Um er að ræða 63,7 m.kr. vegna ársreikninga Skógræktar ríkisins sem eru færslur á gervikennitölu frá fyrri árum og skuld við tengda aðila 11,7 m.kr.

Skuldir sem færðar eru á gervikennitölu í bókhaldi stofnunarinnar eru enn óuppgerðar og bendir Ríkisendurskoðun á að nauðsynlegt er að gera upp þessar stöður sem fyrst.

Skuld við tengda aðila að fjárhæð 11,7 m.kr. skiptist þannig að 34,8 m.kr. er skuld vegna stöðu við ríkissjóð og 23,1 m.kr. er inneign vegna áfallinnar orlofsskuldbindingar sem fyrst var færð árið 2017 sem áfallin skuldbinding í upphafi þess árs samkvæmt fyrirætlum Fjárfestinga ríkisins. Bent er á að réttara væri að sýna skuldbindingu vegna orlofs sérstaklega meðal krafna í efnahagsreikningi.

Viðskiptaskuldir námu 97,9 m.kr. í árslok 2021 en að mestu leyti er um að ræða skuldir í viðskiptaskulda hluta Orra (AP). Skuldir í AP námu 76,5 m.kr. í árslok en námu 40,3 m.kr. í GL. Mismunur að fjárhæð 36,3 m.kr. er að mestu leyti til komin vegna stöðu við fyrirtækið Sólskóga. Mismunurinn er færður meðal viðskiptakrafna í efnahagsreikningi í lok árs 2021 þar sem um jákvæða stöðu er að ræða.

Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við að ekki liggi fyrir afstemming á milli stöðu í GL og AP og er óskað eftir að slík afstemming verði gerð. Leiðrétta þarf mismun milli kerfishluta.

Ýmsar skammtímaskuldir námu 93,3 m.kr. Að stórum hluta er um að ræða orlofsskuldbindingu í árslok 2021 sem nam 61,9 m.kr. Auk þess var um að ræða stöður í AR og á öðrum kröfuklum sem voru með neikvæða stöðu í árslok 2021.

Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga nam 116,6 m.kr. í árslok 2021. Um er að ræða frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga 181,5 m.kr. en til lækkunar kemur umfram ráðstöfun til fjárfestinga 64,8 m.kr.

### 8.3 Niðurstöður/ábendingar

Taka þarf eftirfarandi atriði til skoðunar:

Gerð er athugasemd við verklag vegna uppgjörs við skógarbændur í bókhaldi stofnunarinnar. Leiðréttta þarf stöðu í AR með tilliti til uppgjörs sem fært hefur verið í GL. Jafnframt þarf að breyta verklagi og finna lausn á því hvernig sölureikningar og uppgjör við skógarbændur eru færð í bókhaldi stofnunarinnar þannig að ekki myndist mismunur milli GL og AR.

Gerð er athugasemd við óuppgerðar stöður á viðskiptamönnum, bæði kröfur og skuldir, sem færðar eru á gervikennitölu í bókhaldsins. Um er að ræða stöður sem mynduðust fyrir árið 2021 og færðar voru í eldra bókhaldskerfi stofnunarinnar. Brýnt er að stofnunin fari sem fyrst í þá vinnu að gera þessar kröfur og skuldir upp í bókhaldi stofnunarinnar.

Gerð er athugasemd við að mismunur er á milli stöðu viðskiptamannaskulda í AP og GL. Gera þarf viðeigandi leiðréttingar á milli kerfishluta.

Ríkisendurskoðun bendir á ónákvæma skráningu bankareiknings í bókhaldi stofnunar og gerir athugasemd við að einn bankareikningur hjá Arion banka er ekki skráður í bókhald stofnunar. Óskað er eftir að viðeigandi leiðréttingar séu gerðar.

## 9 Önnur atriði

### 9.1 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Skógræktinni.

### 9.2 Samþykki ársreiknings

Ársreikningur stofnunar fyrir 2021 var samþykktur af skógræktarstjóra.



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 448-8800

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)